



Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

september 2021

Kæru viðtakendur!

Nú er starfið hjá AkAk komið á fullt skrið eftir sumarið og hér er greint frá helstu tíðindum frá því að síðasta fréttabréf var sent út í júní sl.

Góðar stundir!

Starfið

Hefð er fyrir því að akademónar fari saman í dagsferð einu sinni á ári til að næra félagsskapinn og andann og var fyrir skömmu haldið til Skagafjarðar á blíðskaparveðri og menningar- og sögustaðir í héraðinu heimsóttir.

Súpufundir eru farnir af stað en þá hittast akademónar í hádeginu einu sinni í mánuði og borða saman og ræða bæði um verkefni sem þeir eru að fást við og starfið á vettvangi AkAk. Næstu súpufundir verða 13. október og 17. nóvember og eru allir akademónar að sjálfsögðu velkomnir.

Undanfarin ár hefur verið ánægjulegt samstarf í gangi milli AkAk og öldrunarheimilanna í bænum sem felur í sér að akademónar halda fyrirlestra fyrir íbúana og áður en covid-19 breytti öllum aðstæðum í samfélaginu voru þeir líka opnir fyrir aðra bæjarbúa og vel sóttir. Síðasta vetur var brugðið á það ráð vegna samkomutakmarkana að streyma fyrirlesturum úr húsnæði AkAk til íbúanna á heimilunum og í haust verður farin sú leið að taka fyrirlestra upp og gera þá aðgengilega á heimasíðu AkAk fyrir íbúana í tiltekinn tíma en fyrirsjáanlegt er að ekki verði hægt að vera með opna viðburði á heimilunum vegna ytri aðstæðna. Verður spennandi að sjá hvernig tekst til með þetta.

AkureyrarAkademían á 15 ára starfsafmæli á þessu ári og er stefnt að því að halda upp á þennan merkisviðburð síðdegis þann 28. október nk. og að kynna samantekt Margrétar Guðmundsdóttur sagnfræðings á verkum akademóna sem þeir hafa unnið að á vettvangi AkAk frá stofnun Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi árið 2006 og til þessa dags. Nánari upplýsingar um afmælishaldið koma síðar og eru akademónar og samstarfsaðilar hvattir til að taka daginn frá.

Samkvæmt skipulagsskrá AkAk kýs ársfundur sjö manna fulltrúaráð, þar af þrjá í stjórn, og mynda hinir fjórir varastjórn. Nú stendur þannig á að vegna brottflutnings vantar einn fulltrúa í varastjórn og eru akademónar sem hafa áhuga á að koma inn í fulltrúaráðið beðnir að hafa samband við framkvæmdastjóra AkAk.

Innanhúsfólk

Talsverð nýliðun hefur verið í innanhúshópnum að undanfögnu. Sumir hafa fært sig um set suður eða til útlanda, aðrir hafa lokið sínu námi og verkefnum og nýtt fólk hefur ákveðið að gera AkAk að sínum samastað til að sinna sínum hugðarefnum, m.a. til vinna að þróun nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna samkvæmt samstarfssamningi AkAk og Akureyrarbæjar frá því í vor, stunda nám eða að vinna að verkefnum sem sjálfstætt starfandi fræðimenn. Við hjá AkAk þökkum fyrrum innanhúsfólki fyrir samveruna og bjóðum nýtt fólk velkomið. Bent er á að enn er tækifæri til að vera með í frábærum félagsskap því nú sem stendur er ekki búið að fylla öll vinnuþláss og eru áhugasamir hvattir til að setja sig í samband við framkvæmdastjóra AkAk.

Kastljósið

Hér er kastljósinu beint að einum einstaklingi í hópnum sem hefur aðsetur í húsnæði AkAk og að þessu sinni er það Valgerður H. Bjarnadóttir en hún er sjálfstætt starfandi fræðikona og tók m.a. þátt í að stofna AkureyrarAkademíuna á sínum tíma og Mardöll – félag um menningararf kvenna.

Valgerður H. Bjarnadóttir rekur eins konar skóla undir yfirskriftinni *Vanadís – rætur okkar, draumar og auður*. Þar hefur hún undanfarin ár boðið upp á heils vetrar nám í kvennafræðum, með áherslu á trúar- og menningarsögu kvenna. Sagan er skoðuð út frá heildrænni og femínískri sýn og þær arfmyndir sem þar birtast nýttar sem speglar fyrir þátttakendur og það umhverfi sem mótar okkur og við tökum þátt í að móta.

Nú í september og október eru námsleiðir vetrarins að hefjast og þeim lýkur svo í maí og júní 2022. Í grunnnáminu, *Brisingamen – þráðurinn frá miklugyðju til mín*, er menningarsagan skoðuð síðustu 40 þúsund árin, allt frá svokallaðri gyðjumenningu Evrópu til forna, til mótunar og yfirtöku feðraveldis og ófriðar um mest allan heim. Í framhaldsnáminu, *Djúpúðga – auður rótanna*, er Íslandssagan skoðuð út frá sagnaarfi okkar, og þá sérstaklega því kvenlæga í goðsögnunum og Íslendingasögunum. Þriðja námsleiðin (fyrir þær sem hafa lokið amk. tveggja ára námi) ber heitið *Kærleikur og Viska – arfmyndir gyðjunnar í kristni*. Þar er litið til þeirra áhrifa sem sagan um Evu og erfðasyndina og mótun kvenarfmynda innan kristninnar hafa haft bæði til stuðnings og kúgunar, síðustu 2000 árin eða svo. Markmiðið er að greina það sem þar er að finna og sem getur verið auður til uppbyggingar fyrir framtíðina, og að skilgreina og vinna úr því sem hefur verið brotið niður, bælt og beygt í konum og því kvenlæga í menningunni.

Í október verður Valgerður einnig með námskeiðið *Lífsvefurinn – sjálfsþekkingarnám fyrir konur* á Akureyri, og almennt helgarnámskeið um *Mariurnar – arfmyndir úr kristnisögunni*, sem haldið er að Hólum.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861, vefang www.akak.is
Ábyrgðarmaður Fréttabréfs Aðalheiður Steingrímsdóttir adalheidur.steingrimsdottir@akak.is